

Ed.

376. Nefndarálit

[24. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hrein erlend skuldaaukning opinberra aðila nam 2,5 milljörðum króna á þessu ári. Heildarlántökur fóru 3 milljarða fram úr áætlun. Í stað 163 millj. kr. rekstrarafgangs verður rekstrarhalli ríkissjóðs a.m.k. 2 milljarðar kr. í ár. Næsta ár verður rekstrarhalli síst minni enda beinlínis stefnt að hallarekstri í stað þess að tvö síðustu ár var gert ráð fyrir rekstrarafgangi. Þessi stefnubreyting vekur ugg í brjóstum manna um enn meiri halla en ráðgerður er í ljósi reynslunnar og þegar hugsað er til þess að næsta fjárlagaár er kosningaár.

Þrátt fyrir síauknar þjóðartekjur og þrátt fyrir hógværa samninga á þessu ári tekst ríkisstjórninni ekki að ná jöfnuði í rekstri, en það er „veigamikil forsenda á efnahagssviðinu almennt“ (fjárlagafrv. 1987).

Aðilar vinnumarkaðarins lögðu til í samningum sínum nú á dögnum að erlendar lántökuáætlanir lánsfjárlagafrumvarpsins lækkuðu um 1130 millj. kr. sem í stað þess yrði mætt með skuldabréfakaupum lífeyrissjóða. Nú ráðgerir fjármálaráðherra að semja við lífeyrissjóðina um 2 milljarða kr. skuldabréfakaup og nýta 1300 millj. kr. af því beint í ríkissjóð til að mæta áhrifum kjarasamninga (hækkun tryggingabóta, takmörkun gjaldskrárhækkana og niðurfellingu orkuskatts) og 700 millj. kr. til atvinnuvegasjóðanna í stað þeirra 1130 millj. kr. sem samningsaðilar gerðu ráð fyrir. Ljóst er að af þessu leiðir nokkra vaxtahækkun. Lánasjóðum hefur ekki fækkað en afstaða ríkisstjórnarinnar við meðhöndlun sjóðanna er mjög skýr þar sem verkefni sjóðanna eru greinilega afmörkuð og áhrif stjórnvalda þar af leiðandi lítil er skerðingarákvæðum beitt ótæpilega en þeim sjóðum, sem helst eru ábyrgir fyrir óraunhæfum fjárfestingum síðari ára, eru litlar skorður settar.

Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins er orðið innan við 20% af ráðstöfunarfé sjóðsins og minna en tekjur sjóðsins af afborgunum, vöxtum og verðbótum. Í krónum talið er framlag ríkissjóðs aðeins 77% af framlagi síðasta árs. Sömu sögu er að segja af Byggingarsjóði verkamanna nema þar er framlagið jafnhátt og 1986.

Ljóst er að forsendur og ýmsir liðir frumvarpsins gætu reynst mjög óvissir þegar til framkvæmda kemur. Má þar nefna endanleg áhrif kjarasamninga, ófrágengna samninga um aukin skuldabréfakaup lífeyrissjóða af ríkinu, ófrágengin málefni hitaveitna á Akureyri, í Borgarfirði og í Vestmannaeyjum, áhrif fjárlaga á peningamarkað o.fl. o.fl.

Að öllu þessu athuguðu mælum við ekki með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 17. des. 1986.

Stefán Benediktsson,
fundaskr., frsm.

Ragnar Arnalds. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.